



**Samstarfsáætlun
Norrænu
ráðherranefndarinnar
í vinnumálum
2018–2021**



Norræna
ráðherranefndin

Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í vinnumálum 2018–2021

ANP 2018:711

ISBN 978-92-893-5358-8 (PRINT)

ISBN 978-92-893-5359-5 (PDF)

ISBN 978-92-893-5360-1 (EPUB)

<http://dx.doi.org/10.6027/ANP2018-711>

© Norræna ráðherranefndin 2018

Umbrot: Gitte Wejnold

Kápu mynd: Unsplash.com

Prentun: Rosendahls

Printed in Denmark



Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið byggir á landfræðilegri legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin vinna saman að því að marka Norðurlöndum stöðu í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er unnið að því að gæta hagsmuna svæðisins og efla norræn gildi í hnattrænum heimi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

1061 København K

www.norden.org

Sækja útgefið efni: www.norden.org/nordpub

**Samstarfsáætlun
Norrænu
ráðherranefndarinnar
í vinnumálum
2018–2021**



Efnisyfirlit

Um samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar	6
Um samstarfsáætlun í vinnumálum	7
Stefnumarkandi áherslusvið	8
Áherslusvið 1	9
Áherslusvið 2	11
Áherslusvið 3	12
Áherslusvið 4	14
Samstarf um ESB og aðrar alþjóðastofnanir	17
Skipulag á fagsviðinu	18
Norræna stofnunin um framhaldsmenntun í vinnuvernd – NIVA	20
Framkvæmd samstarfsáætlunarinnar	22

Um samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar

Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í vinnumálum tekur fyrir helstu pólitísku viðfangsefni og forgangsörðun á fagsviðinu á tímabilinu 2018–2021. Markmið samstarfsáætlunarinnar er að kynna stefnumarkandi áherslur formlegs samstarfs norrænu ríkisstjórnanna. Áætlunin lýsir þeim verksviðum þar sem unnt er að hrinda í framkvæmd ákveðnum aðgerðum og verkefnum. Samstarf í vinnumálum nær til Norðurlandanna auk Færeyja, Grænlands og Álandseyja og varðar atvinnu- og vinnumarkaðsmál ásamt vinnuumhverfi og vinnurétti.

Samstarfsáætlunin gegnir stefnumótandi hlutverki á fagsviðinu og hana ber að skoða í samhengi við önnur stefnumótandi skjöl varðandi norrænt samstarf. Samstarfsáætlunin styður bæði yfirlýsingu norrænu forsætisráðherranna frá árinu 2016 um að gera Norðurlöndin að því svæði heimsins þar sem mest samþætting á sér stað sem og framtíðarsýn norrænu samstarfsráðherranna *Saman erum við öflugri* sem var samþykkt 2014. Einnig mun þverfagleg stefna Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnrétti, sjálfbæra þróun, málefni barna og ungmenna, aðlögun og málefni fatlaðs

fólks verða fléttuð inn í áætlunina. Árið 2016 útbjó Poul Nielson, fyrrum ráðherra í Danmörku og framkvæmdastjóri Evrópusambandsins (ESB) á sviði þróunarsamvinnu, stefnumótandi úttekt á sviði vinnumála að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál (MR-A). Úttektinni lauk með skýrslunni *Atvinnulíf á Norðurlöndum: – áskoranir og tillögur*, sem var tekin til umfjöllunar á fundi MR-A í nóvember 2016. Þema skýrslunnar, greiningar og tillögur ásamt ályktunum Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál á fundinum mynda saman mikilvægan grunn fyrir þessa samstarfsáætlun.

Samstarfið í vinnumálum beinist í ríkum mæli að því að kanna, greina og ræða það sem er líkt og ólíkt á Norðurlöndunum varðandi aðgerðir, niðurstöður og það sem best hefur heppnast þegar um er að ræða sameiginleg viðfangsefni. Samstarfið getur komið með hugmyndir að pólitískri stefnumótun landanna en líka skapað tækifæri, þar sem slíkt er talið eiga við, til að upphefja *norrænt notagildi* og samræma sjónarmið á sviðum þar sem löndin geta sameinuð náo lengra en hvert í sínu horni.

UM SAMSTARFSÁÆTLUN Í VINNUMÁLUM

Atvinnulífið gegnir veigamiklu hlutverki fyrir þróun norrænu velferðarsamfélaganna, bæði fyrir viðskiptalífið og fyrir hvern einstakling. Sameiginlegur vinnumarkaður er hornsteinn norræns samstarfs. Fjölmennt og hæft vinnuafli er mikilvægasta auðlind okkar og leggur grunninn að samkeppnishæfum norrænum vinnumarkaði og þróun norrænu velferðarþjóðfélaga. Norðurlöndin skara fram úr í alþjóðlegum samanburði hvað varðar hátt menntunarstig bæði kvenna og karla.

Á sama tíma stendur norrænn vinnumarkaður frammi fyrir verulegum breytingum í kjölfar meðal annars lýðfræðilegrar þróunar, aukinnar hnattvæðingar og alþjóðlegrar samkeppni. Hröð tækniþróun hefur afleiðingar fyrir eftirspurn, hæfniskröfur, skipulag og samsetningu atvinnulífsins. Þróunin skapar fjölda nýrra tækifæra en getur líka haft í för með sér verulegar áskoranir.

Samstarfsáætlunin í vinnumálum árin 2018–2021 tilgreinir nokkrar verulegar áskoranir í atvinnumálum og hvernig norrænt samstarf getur stuðlað að úrlausn þeirra. Samstarfsáætlunin mótar mikilvægar forsendur norræns samstarfs á sviði vinnamála. Hún tilgreinir málefni og viðfangsefni sem verða veigamikill þáttur umræðna og miðlunar reynslu milli Norðurlandanna auk þess að vera grundvöllur þess að afla þekkingar og

sýna dæmi um afburða starfsvenjur á þessu fjögurra ára tímabili.

Ríkisstjórnir allra Norðurlandanna vinna jafnt og þétt að því að stuðla að skilvirku atvinnulífi og sjálfbærum hagvexti og atvinnu. Með norrænu samstarfi fá ríkisstjórnirnar gagnlegar upplýsingar og hugmyndir í þessa vinnu.

Á tímabili áætlunarinnar mun samstarfið í vinnumálum einkum beinast að eftirfarandi áherslusviðum:

- Aukið jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir hæfu vinnuafli og aukin þátttaka á vinnumarkaði, einkum hjá þeim hópum sem standa höllum fæti.
- Efling góðs vinnuumhverfis bæði fyrir konur og karla, meðal annars með því að koma í veg fyrir vinnutengda sjúkdóma og slys og útrýma óviðunandi vinnuáðstæðum.
- Trygging góðs jafnvægis milli starfsmannaverndar og sveigjanleika auk þess að standa vörð um norræna vinnumarkaðslíkanið sem byggist á þremur aðilum vinnumarkaðarins.
- Efling innkomu á vinnumarkað og aðlögun, jafnrétti og frjálst flæði á norrænum vinnumarkaði.

Samstarfsáætlunin var samþykkt 28. nóvember 2017 og tók gildi 1. janúar 2018 og gildir til loka árs 2021.

Stefnumarkandi áherslusvið

Áhersla samstarfsins í vinnumálum mun á tímabili áætlunarinnar einkum beinast að nokkrum atriðum sem miða til lengri tíma litið að úrlausn þeirra viðfangsefna og tækifæra sem norrænn vinnumarkaður stendur frammi fyrir. Sumar þeirra áskorana sem norrænt atvinnulíf framtíðarinnar stendur andspænis varða alþjóðavæðingu vinnumarkaðarins, stafræna þróun og tilkomu deiliahagkerfisins ásamt áhrifum þess á ráðningarkjör, þátttöku í stéttarfélögum og vinnuumhverfi. Sjálfvirkni og aukin notkun þjarka (vélmenna) getur leitt til þess að störf hverfi eða breytist. Áskoranir í formi aukins misréttis, láglounastefnu og útskúfunar ásamt vangaveltum um framboð á hæfu starfsfólki og endurmenntun á vinnumarkaði eru veigamikil atriði. Þörfin á þátttöku hópa sem standa höllum fæti á vinnumarkaði er áfram í fullu gildi og fólksflutningar til Evrópu og aukinn fjöldi nýbúa eykur þörfina á bættri aðlögun. Breytileg atvinnuþátttaka og atvinna fólks af erlendum uppruna er áskorun fyrir öll Norðurlöndin. Hækkandi meðalaldur fólks með lengri starfsævi en áður felur einnig í sér áskorun við að tryggja nægilegt framboð vinnuafls og uppfylla

aukna þörf fyrir velferðarþjónustu á Norðurlöndunum. Þetta á einkum við á þeim svæðum á Norðurlöndunum þar sem fólki á vinnufærum aldri fækkar.

Norrænt samstarf mun beinast að langtímaáskorunum. Samstarfið mun þó einnig leyfa sveigjanleika svo að eftir atvikum sé unnt að beina sjónum sérstaklega að áskorunum sem stafa af hagsveiflum og öðrum ófyrirsjáanlegum atburðum sem átt geta sér stað á tímabili áætlunarinnar.

Áskoranirnar og sú þróun sem við sjáum fyrir okkur tvinnast saman á margan hátt og því erfitt að greina nákvæmlega þar á milli. Á heildina litið má færa rök fyrir því að norrænn vinnumarkaður standi á tímamótum sem geta haft mikil áhrif á atvinnulíf og samfélag framtíðarinnar. Það getur því haft ákveðna kosti að nálgast þessar áskoranir í gegnum norrænt samstarf. Eftirfylgni og meiri samþætting úttekta, tölulegra upplýsinga og viðeigandi greininga í framtíðinni getur allt stuðlað að þessu ásamt því að miðla reynslu og stunda fagleg og pólitísk skoðanaskipti og gagnkvæma fræðslu milli Norðurlandanna.

ÁHERSLUSVIÐ 1

Aukið jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir hæfu vinnuafli og aukin þátttaka á vinnumarkaði, einkum hjá þeim hópum sem standa höllum fæti.

Helsta forgangsverkefni samstarfsins á sviði atvinnu- og vinnumarkaðsmála er að stuðla að sem mestri atvinnuþátttöku kvenna og karla og fækka eins og kostur er þeim einstaklingum sem eru varanlega utan vinnumarkaðarins.

Mikilvæg markmið á **sviði atvinnu- og vinnumarkaðsmála** eru:

Aukin atvinnuþátttaka, einkum hjá þeim hópum sem standa höllum fæti á vinnumarkaði. Þetta felur í sér áherslu á hraðari og skilvirkari þátttöku meðal annars ungs fólks, langtímaatvinnulausra, aldraðra og fólks af erlendum uppruna á vinnumarkaði. Að auki verður lögð áhersla á að draga úr fjarvistum vegna veikinda starfsmanna og að auka atvinnuþátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu og fötlun. Slæm þróun í geðheilbrigðismálum, einkum meðal ungs fólks, er áhyggjuefni og krefst athygli. Það er mikilvægt að tryggja að þeir sem fá vinnu ráði við að halda henni og að eldri starfsmenn geti unnið eins lengi og kostur er. Vinnuframlag

ber einnig að auka með því að þeir sem þegar vinna hlutastörf og sem óska eftir að bæta við sig vinnu fái tækifæri til að vinna meira. Samráð og samstarf við ýmsa hlutaðeigandi aðila á vinnumarkaði er mikilvægt til að ná fram aukinni atvinnuþátttöku.

Aukið jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli. Áhersla verður lögð á að auka jafnvægi á vinnumarkaði með því að fækka flöskuhálsum og að tryggja betri nýtingu fjármagns á vinnumarkaði. Gott jafnvægi milli atvinnuleitenda og atvinnurekenda krefst þess að starfsmenn vinnumiðlana þekki þarfir vinnumarkaðarins og hafi tengsl bæði við atvinnuleitendur og atvinnurekendur. Viðurkenning starfsréttinda og raunfærni eru sígild viðfangsefni ásamt kröfum um frjálst flæði vinnuafli milli landa og væntingum um virka þátttöku hvers og eins.

Áhersla verður lögð á að **berjast gegn atvinnuleysi**, að fjölga atvinnutækifærum og að sporna gegn langvarandi atvinnuleysi. Ungt fólk, fólk af erlendum uppruna og einstaklingar með litla formlega starfshæfni eru dæmi um samfélagshópa sem er sérlega hætt við atvinnuleysi. Einstaklingar með fötlun sem veldur skertri starfsgetu eru gjarnan utan vinnumarkaðar, jafnvel þótt þeir



vilji vera í vinnu. Áhersla verður lögð á að skoða hvaða fötlun hindrar þátttöku þessara hópa og á skilvirkar aðgerðir sem stuðla að aukinni atvinnuþátttöku. Í þessu sambandi er einnig mikilvægt að skoða hvernig draga megi úr hindrunum og bæta tækifæri á vinnumarkaði; hvernig megi skapa hvata til vinnu sem og gott jafnvægi milli vinnu, tekna og velferðarþjónustu á Norðurlöndunum.

Stuðningur við færniþróun sem er löguð að þörfum vinnumarkaðarins. Áhersla mun verða lögð á hvernig best megi þróa færni vinnandi fólks í samræmi við auknar kröfur um aðlögun að breytingum í atvinnulífinu og að tryggja að vinnuaflið hverju sinni búi yfir þeirri

færni sem vinnumarkaðurinn krefst. Þörfin á færniþróun er sérlega mikilvæg fyrir einstaklinga með litla formlega starfsreynslu og litla grunnfærni og einstaklinga með hæfni sem ekki samræmist þörfum atvinnulífsins. Þessir hópar eru líka viðkvæmari fyrir umbreytingum á vinnumarkaði, meðal annars tækniþróun. Menntakerfið gegnir líka veigamiklu hlutverki við að hækka almennt menntunarstig og sér í lagi við að tryggja að ungt fólk ljúki nauðsynlegri skólagöngu. Um leið munu flestir fullorðnir þurfa einhvern tímann á lífsleiðinni – óháð aldri, kyni og menntun – að afla sér nýrrar færni til að tryggja þátttöku sína á vinnumarkaði. Þess vegna er mikilvægt að beina sjónum að

símenntun, menntun á vinnumarkaði og á vinnustöðum sem og að gefa fólki kost á framhaldsmenntun.

ÁHERSLUSVIÐ 2

Efling góðs vinnuumhverfis bæði fyrir konur og karla, meðal annars með því að koma í veg fyrir vinnutengda sjúkdóma og slysum og útrýma óviðunandi vinnuaðstæðum.

Mikilvæg markmið á sviði **vinnuumhverfis** eru:

Stuðla að virku og markvissu starfi í vinnuverndarmálum. Lýðfræðileg þróun og þörf samfélagsins fyrir vinnuafli í framtíðinni krefst áherslu á vinnuverndarstarf fyrirtækja. Virkt og markvisst starf, sem tekur mið af rekstri fyrirtækjanna og framleiðslu og skapar vinnuumhverfi þar sem starfsmenn geta unnið skapandi og þýðingarmikið starf án hættu á slysum og sjúkdómum, ræður úrslitum hvað varðar veikindafjarvistir, lengd starfsferils og möguleika á atvinnuþátttöku hópa sem standa höllum fæti. Þá er mikilvægt að auka möguleika barnafjölskyldna og einstaklinga til að starfa þar sem fólki gefst kostur á auknu jafnvægi milli vinnu og einkalífs og eldri starfsmönnum stendur til boða

að vinna lengur. Auka þarf þekkingu á þeim stuðningsaðgerðum og eftirfylgni sem gripið er til á vinnustöðum og í vinnuumhverfi til að ná settum markmiðum. Mjög misjafnt er hvernig einstök fyrirtæki nálgast þessa vinnu og því má gera betur á þessu sviði. Aukinn skilningur er á áhrifum jákvæðs vinnuumhverfis á framleiðni og þær aðgerðir sem einkum er ætlað að stuðla að minni fjarvistum vegna veikinda og örorku eru lykilatriði.

Styrking góðs félagslegs og andlegs vinnuumhverfis. Áhersla verður lögð á að nýta sem best starfskrafta hvers starfsmanns um leið og gott og sjálfbært vinnuumhverfi er tryggt alla starfsævina. Athyglinni verður beint að miklum áskorunum sem birtast meðal annars í tölulegum upplýsingum um fjarvistir vegna veikinda og örorku, þar sem stoðkerfissjúkdómar og sálfélagslegir þættir vega þyngst. Athyglinni verður líka beint að hópum sem standa verulega höllum fæti, til dæmis ungu fólki og eldra fólki á vinnumarkaði, minnihlutahópum og starfsfólki með skerta starfsgetu en einnig að sérlega erfiðum atvinnugreinum. Stefna ESB í vinnuverndarmálum verður einnig mikilvægur grundvöllur norræns samstarfs á þessu sviði.

Óviðunandi vinnuaðstæðum og félagslegum undirboðum/ brotastarfsemi á vinnumarkaði

Útrýmt. Athygli verður beint að því hvernig þróa megi Norðurlöndin áfram sem eftirsóknarverðan vinnumarkað með vel menntuðu starfsfólki og eftirsóknarverðum starfskjörum og vinnuumhverfi sem einnig stuðlar að því að laða að eftirsótt erlent vinnuafli. Samhliða þessu verður lögð rík áhersla á að koma í veg fyrir að aukinn innflutningur vinnuafils og láglounastefna stuðli að óviðunandi vinnuaðstæðum, undirboðum launa og misrétti á norrænum vinnumarkaði. Þetta eru málefni þar sem miklir möguleikar eru bæði á miðlun upplýsinga og reynslu um skilvirkar aðgerðir og tæki gegn brotastarfsemi þar sem íhuga má möguleikann á að efla hagnýtt samstarf hlutaðeigandi norrænna stjórnvalda.

Áframhaldandi þróun stefnu um vinnuumhverfis- og eftirlitsmál. Sjónum verður beint að miðlun reynslu og þekkingar um skilvirka stefnu varðandi vinnuumhverfi og eftirlitsaðferðir, þar á meðal að stefnu ESB í vinnuverndarmálum og öðrum viðeigandi forgangsverkefnum. Mikilvægur þáttur samstarfsins mun felast í að ná fram haldbetri og hagnýtari þekkingu byggðri á rannsóknum um þá stefnu

í vinnuverndarmálum og eftirliti sem vænleg er til árangurs í fyrirtækjunum.

ÁHERSLUSVIÐ 3

Trygging góðs jafnvægis milli starfsmannaverndar og sveigjanleika, auk þess að standa vörð um norræna líkanið í vinnumálum sem byggir á þremur aðilum vinnumarkaðarins.

Málefni vinnuumhverfis- og vinnuréttar eru nátengd og því er mikilvægt að skoða markmiðin í áherslusviðum 2 og 3 í samhengi. Mikilvæg markmið til að bæta **vinnurétt** eru:

Trygging jafnvægis milli starfsmannaverndar og sveigjanleika á vinnumarkaði. Atvinnulíf framtíðarinnar býður upp á nýja starfshætti og ný verkefni vinnandi fólks. Þessar nýju leiðir skipulags í atvinnulífinu munu hafa áhrif á vinnuréttarlegt ráðningarform og samskipti og þar með verður mikilvægt að tryggja að það hafi ekki neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir einstaklinginn, einstök fyrirtæki eða efnahagslífið. Áherslan á hvernig skapa megi og þróa áfram líkön til að tryggja jafnvægi milli starfsmannaverndar og sveigjanleika á vinnumarkaði verður forgangsverkefni.



Trygging góðra aðstæðna á vinnumarkaði. Áhersla verður lögð á að viðhalda og þróa áfram heiðarlegan vinnumarkað á Norðurlöndum og að eiga gott samstarf við aðila vinnumarkaðarins um að koma í veg fyrir og vinna gegn misrétti, félagslegum undirboðum/ brotastarfsemi á vinnumarkaði og gráu hagkerfi.

Aðlögun og þróun norræna líkansins í atvinnumálum. Líkanið í atvinnumálum, sem byggist á þremur aðilum vinnumarkaðarins, gegnir lykilhlutverki á Norðurlöndunum. Eitt forgangsverkefnanna verður að skoða hvernig megi með miðlun þekkingar og samstarfs á Norðurlöndum, meðal annars í samskiptum við ESB og aðrar viðeigandi alþjóðastofnanir, standa vörð um og þróa norræna líkanið í atvinnumálum auk þess að takast á við þær áskoranir sem líkanið stendur frammi fyrir. Það er ósk manna að tryggja á sama hátt og áður samkeppnishæfni og sjálfbærni líkansins þegar nýir starfshættir eru innleiddir. Þátttaka í stéttarfélögum og sterk staða aðila

vinnumarkaðarins á Norðurlöndunum eru mikilvæg mál í þessu samhengi.

ÁHERSLUSVIÐ 4

Efling innkomu á vinnumarkað og aðlögun, jafnrétti og frjálst flæði á norrænum vinnumarkaði.

Mikilvæg þverfagleg markmið á þessu sviði eru:

Efling innkomu á vinnumarkað og aðlögun nýbúa og fólks af erlendum uppruna. Á tímabili samstarfsáætlunarinnar verður sérstakri athygli beint að verkefnum til að efla innkomu á vinnumarkað þar sem atvinna er lykilþáttur í að tryggja velheppnaða aðlögun og einnig mikilvægur þáttur til að tryggja sjálfbærni í velferðarkerfinu. Þörf er á að koma á fót hröðum, skilvirkum og sveigjanlegum leiðum inn á vinnumarkaðinn. Þátttaka nýrra íbúa í aðgerðum sem gera þeim kleift að ná fótfestu í atvinnulífinu og samfélaginu, samráð við aðila vinnumarkaðarins og

sjálfboðaliðasamtök sem og samstarf hins opinbera og einkageirans eru mikilvægir þættir í skilvirkri stefnu í aðlögunarmálum. Þátttaka beggja foreldra á vinnumarkaði er líka þýðingarmikill þáttur við að auðvelda aðlögun barna og ungmenna að samfélaginu.

Stuðlað sé að jafnræði og jafnrétti á vinnumarkaði. Samstarfið í vinnumálum mun leggja áherslu á aukið jafnrétti með tilliti til kyns, uppruna, fötlunar o.s.frv. sem og að koma í veg fyrir margskiptan vinnumarkað. Jafnvægið milli vinnu og einkalífs gegnir hér lykilhlutverki. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að auðvelda konum af erlendum uppruna þátttöku á vinnumarkaði og að beina sjónum að aðgerðum sem efla samþættingu vinnu, menntunar og fjölskyldu. Samstarfið í vinnumálum mun einnig beina sjónum að því að vinna gegn misrétti sem má rekja til aldurs, kyns, uppruna, þjóðernis o.s.frv.

Trygging frjáls flæðis vinnuafls ásamt því að fækka og koma í veg fyrir nýjar stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndunum.

Frjáls norrænn vinnumarkaður hefur þjónað tilgangi sínum í meira en 60 ár og því mikilvægt að viðhalda honum og þróa áfram í framtíðinni. Vinnan á fagsviðinu mun beina sjónum að stöðugum stuðningi við frjálst flæði vinnuafls á norrænum vinnumarkaði með því að vinna gegn stjórnsýsluhindrunum og komast hjá því að nýjar myndist. Þessi vinna mun fara fram með hliðsjón af ESB og þeirri umgjörð sem ESB setur. Nauðsynlegt er að varpa skýrara ljósi á mikilvægi frjáls flæðis vinnuafls, einkum með tilliti til dreifbýlla svæða og þeirra áskorana sem þar má finna, svo sem misræmis milli færnistigs vinnuafls og færniþarfar vinnumarkaðar.



MYND: NORDEN.ORG, YADID LEVY



MYND: NORDEN.ORG, JOHANNES JANSSON

Samstarf um ESB og aðrar alþjóðastofnanir

Fagsviðið mun vinna jafnt og þétt að eflingu samstarfi við ESB og hafa vakandi auga með nýjum lagafrumvörpum frá framkvæmdastjórn ESB.

Evrópusambandsmálefni sem varða sameiginlega hagsmuni Norðurlanda verða með reglulegu millibili tekin til umræðu á fundum í ráðherranefndinni, embættismannanefndinni og öðrum nefndum. Mikilvægur þáttur þessarar vinnu er að koma í veg fyrir að nýjar stjórnsýsluhindranir myndist.

Það er aðallega vinnuréttarnefndin sem beinir sjónum að ESB-málefnum og er þar bæði lögð áhersla á undirbúning löggjafar, samningaviðræður, framkvæmd ESB-löggjafar, úrskurði Evrópudómstólsins og önnur tengd mál. Auk þessa hefur Norræna embættismannanefndin um vinnumál (EK-A) farið þess á leit við norræna vinnuhópinn um almannatryggingar að hann fylgist með þróuninni á ofangreindum sviðum til þess að koma í veg fyrir nýjar stjórnsýsluhindranir.

Norræn-baltnesk-pólski ESB-hópurinn um upplýsingamál fylgist með starfi ESB á sviði vinnumála.

Auk ESB skipta aðrar mikilvægar alþjóðlegar stofnanir einnig máli fyrir norrænt samstarf varðandi vinnumál.

Alþjóðavinnuumálastofnunin (ILO) er sérstofnun Sameinuðu þjóðanna í vinnumarkaðs- og vinnuverndarmálum. Á fyrstu stigum samstarfsáætlunarinnar í vinnumálum verður meðal annars mikilvægt að fylgjast með og hafa áhrif á vinnuna með Future of Work en verkefnið er hluti af aldarafmælishátíð Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar (ILO) árið 2019. Þessi afmælishátíð mun gefa Norðurlöndunum ásamt Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum tækifæri til að koma sameiginlegum norrænum sjónarmiðum og góðum starfsvenjum á framfæri með tilliti til atvinnulífs framtíðarinnar og verða grundvöllur frekara samstarfs.

Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) leggur mikla áherslu á vinnuskapandi aðgerðir sem geta aukið hagvöxt. Sérfræðipækking og greiningar OECD á málefnum tengdum vinnumarkaði geta verið góð viðbót við norrænt samstarf í vinnumálum.

Þar sem við á verður fulltrúum, meðal annars frá ESB, OECD og Alþjóðavinnuumálastofnuninni (ILO), boðið að taka þátt í fundum, ráðstefnum o.fl.

Skipulag á fagsviðinu

Norræna ráðherranefndin um vinnumál (MR-A) hefur yfirumsjón með norrænu samstarfi varðandi vinnumál og er mikilvægur vettvangur umræðna og miðlunar reynslu meðal norrænna ráðherra, sem fara með málaflokkana atvinnumál, vinnurétt og vinnuumhverfi, um hvernig megi á sem bestan hátt takast á við sameiginlegar áskoranir í vinnumálum.

Samstarfið er í höndum Norrænu embættismannanefndarinnar um vinnumál (EK-A) sem setur fram viðmiðunarreglur um skiptingu fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál (MR-A). Sveigjanlegt skipulag er lykilatríði ef norrænt samstarf í vinnumálum á að geta hrint málum í framkvæmd og fylgt þeim eftir á skilvirkan hátt. Norræna embættismannanefndin um vinnumál (EK-A) hefur skipað þrjár fastanefndir – vinnumarkaðsnefndina, vinnuumhverfisnefndina og vinnuréttarnefndina – og skipar tímabundna hópa eftir þörfum. Við hlið nefndanna starfar líka norræn-baltnesk-pólski ESB-hópurinn um upplýsingamál sem fyrst og fremst fylgir eftir starfi ESB á sviði vinnumála, vinnutengdrar löggjafar og vinnuumhverfis.

Nefndirnar og vinnuhóparnir gegna mikilvægu hlutverki við miðlun þekkingar og reynslu milli landanna, hver á sínu verksviði, og eiga líka að leggja fram tillögur til Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál (MR-A) og Norrænu embættismannanefndarinnar um vinnumál (EK-A).

Einnig tilheyrir Norræna stofnunin um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA) í Helsinki norrænu samstarfi í vinnumálum, sbr. tilvísunina á bls. 20. Auk þess fjármagnar Norræna ráðherranefndin í vinnumálum að hluta til Nordjobb-áætlunina um frjálsa för fyrir unga Norðurlandabúa sem vilja vinna í öðru norrænu landi (www.nordjobb.net). Norræna ráðherranefndin fjármagnar einnig upplýsingaverkefni á skandinavísku og ensku um vinnumál á Norðurlöndum (www.arbejdslivinorden.org).

Auk ofangreinds skapar formlegt samstarf mikilvægt tengslanet milli norrænna embættismanna á sviði vinnumála sem löndin geta haft mikinn hag af í tilvikum sem upp kunna að koma. Rétt er að benda á að við hlið formlegs norræns samstarfs innan Norrænu ráðherranefndarinnar á sér einnig stað víðtækt óformlegt norrænt samstarf, oftast en ekki með langa sögu að baki.



MYND: NORDEN.ORG, JOHANNES JANSSON



MYND: NORDEN.ORG, JOHANNES JANSSON

Norræna stofnunin um framhaldsmenntun í vinnuvernd – NIVA

Norræna stofnunin um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA) er norræn samstarfsstofnun á sviði norræns samstarfs í vinnumálum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (www.niva.org). Starfsemi NIVA byggist á stefnumarkandi umboði sem ákveðið er af Norrænu embættismannanefndinni um vinnumál (EK-A).

Helsta verkefni NIVA er miðlun þekkingar á sviði vinnuverndar og vinnuumhverfis. NIVA á að skapa umræðu um mikilvæg nýstárleg málefni varðandi vinnuumhverfi sem stuðla að bættu atvinnulífi á Norðurlöndum. Auk þess á NIVA að skapa norrænan virðisauka með því að halda málfundi, málstofur og málþing á háskólastigi, einkum á sviðum þar sem fáir aðilar eru í hverju landi.

Vinnuverndar- og vinnuumhverfissviðið er þverfaglegt svið þar sem viðfangsefnin breytast í takti við breyttan vinnumarkað. Sérstakar áskoranir komandi ára munu endurspeglar starfsemi NIVA á tímabilinu fram til ársins 2021 og þær eru meðal annars: hækkandi meðalaldur vinnufærra íbúa, sálfélagslegar hættur á vinnuarkaði, þróun nýrrar tækni, skilvirkar forvarnir gegn slysum á vinnuarkaði, starfshættir framtíðarinnar og áhrif þeirra á vinnuskilyrði.



MYND: NORDEN.ORG, MAGNUS FRÖDERBERG



MYND: NORDEN.ORG, YADID LEVY

Framkvæmd samstarfsáætlunarinnar

Þau viðfangsefni og áherslusvið sem getið er í þessari samstarfsáætlun munu gegna lykilhlutverki í norrænu samstarfi varðandi vinnumál á árunum 2018–2021.

Samstarfsáætlunin endurspeglast í fjárhagsáætlun Norrænu ráðherraefndarinnar um vinnumál (MR-A) og markar leiðina og mótar forsendur fyrir starfsemi nefndanna þriggja, einnig á öðrum sviðum málaflokksins.

Á fagsviðinu er lögð sérstök áhersla á að eiga sameiginlegar, sífelldar og nánar viðræður og miðla upplýsingum sem eiga að geta skapað nýja þekkingu og ný verkefni. Viðræðurnar munu fara fram milli nokkurra aðila, svo sem aðila vinnumarkaðarins, fræðimanna og viðeigandi stofnana og hagsmunaaðila. Samstarfið getur veitt innblástur til stefnumótunar í löndunum en einnig verið grundvöllur samræmingar sjónarmiða þar sem við á og gagn er hægt að hafa af.

Samstarfsáætlunin mun taka á sig mynd og verða hrint í framkvæmd, einkum í starfsemi formennskuáætlunarinnar og í framkvæmdaáætlunum nefndanna. Fastanefndirnar hafa yfir takmörkuðum verkefnastyrkjum að ráða sem þær nota fyrst og fremst til að efla þekkingargrunn fyrir miðlun reynslu. Þessi vinna fer meðal annars fram með því að kortleggja og

greina það sem er líkt og ólíkt varðandi aðgerðir Norðurlandanna og áhrif þeirra. Verkefnin munu stuðla að framkvæmd samstarfsáætlunarinnar.

Einnig verða haldnar margar norrænar ráðstefnur um málefni líðandi stundar í vinnumálum. Ráðstefnurnar eru grundvöllur miðlunar þekkingar og reynslu milli landanna, skapa umræðugrundvöll og stuðla að myndun tengslaneta og þróunarstarfs.

Viðræður fara að miklu leyti fram milli Norrænu ráðherraefndarinnar um vinnumál (MR-A), Norrænu embættismannanefndarinnar um vinnumál (EK-A), viðeigandi nefnda og skrifstofu Norrænu ráðherraefndarinnar – sem og aðila vinnumarkaðarins. Þátttakendum er boðið að koma með tillögur fyrir samstarfsáætlunina og þeim verður yfirleitt einnig boðið til viðræðna þriggja aðila um viðeigandi málefni sem varða vinnumarkað í tengslum við árlega fundi Norrænu ráðherraefndarinnar um vinnumál (MR-A). Öðrum aðilum, ráðum og nefndum verður jafnt og þétt boðið þegar við á.

Auk þessa er þess einnig vænst að fagsviðið taki þátt í þverfaglegum verkefnum, til dæmis að frumkvæði forsætisráðherranna,



WIND, NORDEN.ORG, YADID LEVY

samstarfsráðherranna (MR-SAM) eða Norðurlandaráðs. Samstarfið mun í öllu sínu starfi samþætta stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun og, þar sem við á, einnig taka með jafnréttismál, málefni barna og ungmenna, aðlögun og málefni fatlaðra eins og getið var á bls. 6. Fagsvið vinnumála á einnig samstarf við önnur fagsvið á vegum Norrænu

ráðherranefndarinnar, sérstaklega Norrænu ráðherranefndina um félags- og heilbrigðismál (MR-S), Norrænu ráðherranefndina um sjálfbæran hagvöxt (MR-Vækst) og Norrænu ráðherranefndina um jafnréttismál (MR-JÄM). Áður en þessi samstarfsáætlun fellur úr gildi árið 2021 verður henni fylgt eftir í samræmi við reynslu af áætluninni.



Norræna ráðherranefndin
Nordens Hus
Ved Stranden 18
1061 København K
www.norden.org

Sameiginlegur vinnumarkaður er hornsteinn norræns samstarfs. Fjölmennt og hæft vinnuafli er mikilvægasta auðlind okkar og leggur grunninn að samkeppnishæfum norrænum vinnumarkaði og þróun norrænu velferðarþjóðfélaganna.

Á sama tíma stendur norrænn vinnumarkaður frammi fyrir verulegum breytingum í kjölfar meðal annars lýðfræðilegrar þróunar, aukinnar hnattvæðingar, tækniþróunar og alþjóðlegrar samkeppni.

Samstarfsáætlunin í vinnumálum árin 2018–2021 tilgreinir nokkrar verulegar áskoranir í atvinnumálum og hvernig norrænt samstarf getur stuðlað að úrlausn þeirra.

ANP 2018:711
ISBN 978-92-893-5358-8 (PRINT)
ISBN 978-92-893-5359-5 (PDF)
ISBN 978-92-893-5360-1 (EPUB)